



Fréttatilkynning
frá skrifstofu forseta Íslands

OPINBER HEIMSÓKN TIL SLÓVAKÍU

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og Eliza Reid forsetafrú halda í opinbera heimsókn til Slóvakíu á morgun, miðvikudaginn 26. október. Með þeim í för verður Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra og Halla Hrund Logadóttir orkumálastjóri, auk embættismanna og fulltrúa frá skrifstofu forseta. Þá fylgir forseta fjöldi fulltrúa úr viðskiptalífínu sem hyggjast efla samstarf við Slóvaka á sviði jarðhitánýtingar, rannsókna og nýsköpunar.

Aðaldagur heimsóknarinnar er fimmtudagur og verður þá fundur forseta Íslands og Zuzana Čaputová, forseta Slóvakíu, fundir sendinefnda og svo sérstakt málþing um jarðhita og leiðir til að efla samstarf þjóðanna á sviði umhverfissvænnar orku og nýsköpunar. Einnig mun forseti eiga fundi með Eduard Heger forsætisráðherra og Boris Kollár, þingforseta Slóvakíu, auk þess sem forsetahjónin munu hitta að máli fulltrúa hinsegin samfélagsins í Bratislava. Á meðan forseti á fund með forseta Slóvakíu munu forsetafrúin og Juraj Rizman, maki forseta Slóvakíu, taka þátt í hringborðsumræðum um jafnréttismál og kynjaðan vinnumarkað.

Á síðara degi heimsóknarinnar munu forsetahjónin halda frá höfuðborginni austur til Martin þar sem þau hitta Íslendinga sem nema þar læknisfræði við Comenius háskóla, auk nemenda í dýralækningum við UVMP háskóla. Þar munu þau einnig eiga fund með borgarstjóra og heimsækja að síðustu skrifstofu ræðismanns Íslands í borginni.

25. október 2022

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (s. 664 8249) og Una Sighvatsdóttir sérfræðingur á skrifstofu forseta (s. 895 8885).